

Nd.

347. Breytingartillögur

[25. mál]

við frv. til l. um dvalarheimili aldraðra.

Frá Pétri Sigurðssyni og Sverri Hermannssyni.

1. Við 2. gr. Fyrri másl. orðist svo:
Enginn má setja á stofn eða reka dvalarheimili fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra, enda sé dvalarheimilið byggt með styrk úr ríkissjóði.
2. Við 3. gr. 2. másl. 1. mgr. orðist svo:
Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um stjórn, byggingar- og starfsáætlun.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Heilbrigðisyfirvöld annast eftirlit með rekstri og fyrirkomulagi dvalarheimila, sem um getur í lögum þessum. Þau skulu eiga greiðan aðgang að reikningum viðkomandi stofnana og öðrum nauðsynlegum upplýsingum frá stjórnendum þeirra.
4. Við 5. gr. Niður falli orðin „svo og um starfslið dvalarheimilis“.
5. Við 6. gr.
 - a. 2. másl. breytist þannig, að á eftir orðunum „fundum stjórnarinnar“ bætist: þegar rædd eru mál, sem varða vistfólkið sérstaklega.
 - b. Á eftir 2. másl. komi nýr másl., er orðist svo:
Sama gildir um starfsfólk stofnunar, ef ekki er til staðar samningur um samstarfsnefnd.
 - c. Í stað 3. og síðasta másl. komi:
Stjórnin ræður stjórnendur heimilisins og síðan aðra í samráði við forstöðumann eða -konu, enn fremur lækna, ef fastráðnir eru. Forstöðumanni eða -konu er heimilt að sitja stjórnarfundi með tillögurétti og málfrælsi.
6. Við 7. gr.
 - a. Upphaf 1. másl. orðist svo:
Nú byggir sveitarfélag eða annar viðurkenndur aðili dvalarheimili o. s. frv.
 - b. Í 2. másl. falli niður orðin „en sveitarfélög“.
 - c. Við greinina bætist:
Frágangur lóðar, girðingar og skreyting listaverka á lóð og húsakynnum telst til byggingarkostnaðar. Síðastnefnda framkvæmdin skal þó háð sérstöku samþykki ráðuneytis. Ríkisframlag skal greitt sem $\frac{1}{3}$ hluti eftirtalinna áfanga, þegar þeir eru tilbúnir: a. grunnur, b. 1. hæð er fokheld, c. 2. hæð er fokheld o. s. frv., enn fremur við lok annarra byggingaráfanga og frágangs lóðar, svo sem segir um í reglugerð ráðherra.
7. Við 8. gr.
 - a. Aftan við fyrri málsgr. bætist nýr máslíður: Vistgjöld og sjúkragjöld, sem greidd eru af Tryggingastofnun ríkisins, skulu greiðast a. m. k. fjórum sinnum á ári.
 - b. Síðari málsgr. orðist svo:
Ársreikningar dvalarheimila skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ætíð sendir ráðuneytinu.
8. Við 9. gr. Við greinina bætist: eða inntökunefndar.